Goðsagnir djassins

MYNDLIST
JÓN B.K. RANSU



Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Jazzóður

★★½☆☆

Opið daglega frá 10-17. Sýningu lýkur 31. ágúst. Aðgangur ókeypis

Að skoða myndlist í samhengi við tónlist eða öfugt kann að veita manni dýpri skilning á hvoru tveggja enda hafa þessar listgreinar þróast nokkuð samhliða og oft skarast. Því er viðeigandi að í tilefni af Jazzhátíð í Reykjavík skuli Listasafn Reykjavíkur bjóða upp á myndverkasýningu í einu af þremur herbergjum í austursal Kjarvalsstaða. Sýningin nefnist Jazzóður –Jazz í íslenskri myndlist og er í sal sem einnig er notaður undir tónleikahald á meðan hátíðin stendur yfir.

Djass tengist helst abstrakt expressjónisma sé honum snúið til hins sjónræna bæði hvað varðar tímabil og aðferð, en þróun abstrakt expressjónismans eftir heimsstyrjöldina síðari er í nokkuð jöfnum takti við þróun *Bebop* og *Free jazz*. Slettumálverk Jacksons Pollocks eru þannig séð djass fyrir augað.

Sýningin á Kjarvalsstöðum vísar



Morgunblaðið/Eggert

Spunakennt Verk Sigurbjörns Jónssonar á sýningunni.

okkur aftur á móti á önnur mið í leit að tengslum á milli djass og myndlistar en þau að sýna listaverk sem eru djass í sjálfu sér. Allar eru myndirnar fígúratífar og flestar portrett af þekktum andlitum úr sögu djassins og beinast þar af leiðandi að goðsögnum hans. Málverk Sigurbjörns Jónssonar af hljóðfærum og hljóðfæraleikurum eru reyndar undantekning þar á og listamaðurinn líka spunakenndur í efnistökum.

Goðsagnir hafa verið áberandi viðfangsefni hjá myndlistarmönnum síðastliðna áratugi og ekkert athugavert að nýta það sem þema. En eins og sýningin birtist mér þá fer hún alveg að mörkum þess að vera helst til viðeigandi veggskreyting fyrir tónleikahaldið. Engu að síður eru þarna gersemar sem menn ættu að ekki að láta framhjá sér fara. Ber mér sérstaklega að nefna tússteikningar Tryggva Ólafssonar frá áttunda áratugnum af Louis Armstrong, John Coltraine, Dexter Gordon, Count Basie o.fl. Þær einar ættu að vera næg ástæða fyrir listunnendur að sækja sýninguna heim. Þá eru portrettmyndir Sigurðar Örlygssonar af Thelonious Monk, Söru Vaughan, David Murray, Miles Davis og Charlie Parker alveg sér á báti. Þær hafa útlit helgimynda og ýta þannig undir goðsögnina sem lifir af manneskjuna á bak við músíkina.



Borgarleikhúsið
568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is
Skelltu þér í áskrift – 4 sýningar á 8.900 kr



Söngvaseiður (Stóra sviðið)
Same verð og í fyrra!
Fös 4/9 kl. 19:00 U | Fös 11/9 kl. 19:00 Ö
Lau 5/9 kl. 19:00 U | Lau 12/9 kl. 19:00 Aukasýn. | Fös 25/9 kl. 19:00 Aukasýn.
Sun 6/9 kl. 19:00 Ö | Fös 18/9 kl. 19:00 Ö | Lau 26/9 kl. 14:00 U
Mið 9/9 kl. 20:00 U | Lau 19/9 kl. 19:00 U | Fös 2/10 kl. 19:00 U
Fim 10/9 kl. 19:00 Ö | Sun 20/9 kl. 14:00 U | Fös 9/10 kl. 19:00 Ö
Allt að seljast upp - tryggðu þér miða



Harry og Heimir (Litla sviðið)
Fim 10/9 kl. 20:00 Fors U | Fim 17/9 kl. 20:00 U | Fim 24/9 kl. 20:00 U
Fös 11/9 kl. 20:00 Fors U | Fös 18/9 kl. 19:00 U | Fös 25/9 kl. 19:00 Ö
Lau 12/9 kl. 20:00 Frums U | Lau 19/9 kl. 19:00 U | Lau 26/9 kl. 19:00 Ö
Sun 13/9 kl. 20:00 U | Sun 20/9 kl. 20:00 U | Sun 27/9 kl. 20:00 Ö



Djúpið (Litla sviðið)
Mið 23/9 kl. 20:00 Ö | Mið 30/9 kl. 20:00
Sun 27/9 kl. 16:00 Ö | Sun 4/10 kl. 16:00
Leikferð um landið 13. - 22. september



Dauðasyndirnar (Litla sviðið)
Lau 5/9 kl. 19:00 Sýnt á ensku
Sýnt á ensku í tengslum við Lókal leiklistarhátíðina



Þú ert hér (Litla sviðið)
Lau 5/9 kl. 22:00 Aukasýn. | Sun 6/9 kl. 20:00 Aukasýn.
Flutt á ensku í tengslum við Lókal leiklistarhátíðina



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




4ra sýninga kort aðeins 9.900 kr.



KARDEMOMMUBÆRINN (Stóra sviðið)
Sun 30/8 kl. 14:00 U | Sun 6/9 kl. 17:00 Ö | Sun 20/9 kl. 14:00 Ö
Sun 30/8 kl. 17:00 U | Sun 13/9 kl. 14:00 Ö | Sun 27/9 kl. 14:00 Ö
Sun 6/9 kl. 14:00 Ö | Sun 13/9 kl. 17:00 Ö
Sýningar haustsins komnar í sölu



FRIDA... viva la vida (Stóra sviðið)
Fös 11/9 kl. 20:00 frums. U | Lau 19/9 kl. 20:00 4.sýn. Ö | Fös 2/10 kl. 20:00 7.sýn.
Lau 12/9 kl. 20:00 2.sýn. Ö | Fös 25/9 kl. 20:00 5.sýn. | Lau 3/9 kl. 20:00 8.sýn.
Fös 18/9 kl. 20:00 3.sýn. Ö | Lau 26/9 kl. 20:00 6.sýn.
Sýningar haustsins komnar í sölu



UTAN GÁTTA (Kassinn)
Fös 4/9* kl. 20:00 | Lau 19/9 kl. 20:00
Sun 6/9 kl. 20:00 | Lau 26/9 kl. 20:00
Lau 12/9 kl. 20:00
**Til styrktar Grensásdeild. Ath. stutt sýningartímabil*



Opið hús í Þjóðleikhúsinu 29. ágúst
Leitin að Oliver!
Við leitum að 8–13 ára strákum til að fara með hlutverk í söngleiknum OLIVER! Skráning í áheyrnaprufur fer fram á Opna húsinu.

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Miðasala » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói frá kl. 9-17 » www.sinfonia.is



Fáðu fréttirnar sendar í símann þinn | mbl.is